



Úttekt

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hjallatún

Mars 2023

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, skal landlæknir hafa reglu- bundið eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta sem veitt er hér á landi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.

Embætti landlæknis setti fram [Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019 - 2030](#) sem heilbrigðisráðherra staðfesti í desember 2018. Embættið hefur áætlunina til hlið- sjónar við úttektir sínar á heilbrigðisþjónustu en gert er ráð fyrir að áætlunin verði inn- leidd í áföngum.

Með eftirlitsstarfi sínu hefur embættið að leiðarljósi að árangursríkasta leiðin til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana.

Útgefandi

Embætti landlæknis
Katrínartún 2
105 Reykjavík
S. 510 1900
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is

© 2023 Embætti landlæknis

Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án þess að geta heimildar.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Inngangur	4
Aðferð.....	4
Umbótaferli og stjórnskipulag	4
Mannauðsmál og starfsumhverfi	5
Gæði og öryggi	5
Skráning í sjúkraskrá og upplýsingagjöf.....	6
Gæðavísar.....	6
Skráning og úrvinnsla atvika.....	6
Þjónustukannanir	6
Mat embættis landlæknis.....	6
Tilmæli og ábendingar embættis landlæknis	7

Inngangur

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007 ber embætti landlæknis að fylgjast með gæðum og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að umbótum. Embætti landlæknis gerði úttekt á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hjallatúni, Vík í Mýrdal. Tilfni úttektarinnar var að embætti landlæknis ákvað að gera úttektir á nokkrum smærri hjúkrunarheimilum. Megin markmið úttektarinnar var að skoða öryggi og gæði heilbrigðisþjónustunnar. Úttektin tók til atriða er varða stefnumörkun, stjórnun, þjónustu, starfshætti, gæði, öryggi þjónustunnar og mönnun.

Embættið hefur [Áætlun um gæðabróun í heilbrigðisþjónustu frá 2019 - 2030](#), sbr. 11. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, til hliðsjónar við úttektir sínar á heilbrigðisþjónustu. Tölulegar upplýsingar í þessari skýrslu eru fengnar frá Hjallatúni og embætti landlæknis.

Í þessari skýrslu er almennt ekki fjallað um það sem var skoðað en leiddi ekki til athugasemda, ábendinga eða tilmæla.

Embættið þakkar stjórnendum og starfsfólki Hjallatúns góða samvinnu við úttektina. Úttektarskýrslan er birt á heimasíðu embættis landlæknis og send heilbrigðisráðuneyti.

Aðferð

Starfsmenn embættisins heimsóttu dvalar- og hjúkrunarheimilið Hjallatún 14. febrúar 2023. Haldinn var fundur með stjórnendum þar sem meðal annars var farið yfir markmið og tilgang úttektarinnar. Á fundinum voru hjúkrunarforstjóri sem og sveitarstjóri Mýrdalshrepps. Fulltrúar embættisins tóku viðtöl við þrjá starfsmenn og tvo íbúa þann sama dag. Auk þess tóku fulltrúar embættisins viðtal við einn starfsmann til viðbótar til að fá fyllri mynd af starfsemi þann 17. mars 2023. Húsnæði Hjallatúns var skoðað ásamt því að aflað var gagna um starfsemi Hjallatúns, gæða- og umbótarstarf og mönnun. Stjórnendur Hjallatúns höfðu fyrir heimsóknina lagt fram gæðauppgjör fyrir árið 2022.

Gögn frá Hjallatúni voru rýnd með tilliti til stefnu og stjórnunar, umfangs starfseminnar sem og gæða og öryggis íbúa. Viðtöl við stjórnendur, starfsmenn og íbúa voru greind, fundnir sameiginlegir þættir og lagt mat á það sem betur mætti fara. Auk þess voru tölulegar upplýsingar skoðaðar t.d. niðurstöður gæðavísa, fjöldi atvika og kvartana. Að lokinni þessari skoðun var sett fram mat á starfsemi og tilmæli embættis landlæknis um umbætur.

Umbótaferli og stjórnskipulag

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hjallatún hefur verið starfrækt frá árinu 1986. Hugmyndafræði Hjallatúns byggir á Eden hugmyndafræðinni þar sem lögð er áhersla á sjálfshjálpi íbúa. Allir starfsmenn hafa fengið fræðslu um hugmyndafræðina, en hún hefur þó ekki verið formlega innleidd. Hjúkrunarforstjóri stjórnar daglegum rekstri heimilisins. Á Hjallatúni búa aldraðir einstaklingar í 15 hjúkrunarrýmum, einu dvalarrými og einu hvíldarrými. Húsið er á tveimur hæðum og er stigi á milli með tveimur hjólastólalyftum á milli palla. Á neðri hæð eru tveggja herbergja íbúðir sem breytt var í tvö einstaklingsherbergi sum með sameiginlegu baðherbergi. Öll herbergi íbúa eru á efri hæðinni eru einbýli. Salerni inni á herbergjum eru þröng og í tveimur herbergjum er búið að taka hurðar af til að gera notkun salerna auðveldari. Eins er búið að fjarlægja salerni á tveimur herbergjum til að auðvelda umönnun einstaklinga í hjólastól og þá nota íbúar sameiginlegt salerni frammi á gangi. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum Hjallatúns þarfnast ákveðnir hlutar húsnæðis endurbóta og hefur m.a. fengist fé úr framkvæmdasjóði aldraðra til breytinga á baðaðstöðu. Undirrituð hefur verið viljayfirlýsing um byggingu nýs hjúkrunarheimilis og er það mál í ferli. Á Hjallatúni er stórt eldhús í hjarta byggingarinnar þar sem einnig er eldað fyrir grunnskólann á svæðinu og leikskólann í Vík.

Læknisþjónusta á Hjallatúni er sinnt frá heilsugæslunni í Vík, og af sama lækni til margra ára. Ekki er boðið upp á þjónustu iðjuþjálfara né sjúkrapjálfara en reynt hefur verið að bæta úr því með að starfsmaður býður upp

á leikfimi á hverjum morgni fyrir þá sem vilja, auk þess er Boccia tvisvar í viku. Proskapjálfi er í 50% starfi og sér um að finna íbúum viðeigandi verkefni og fleira en það starf fer fram eina viku í mánuði. Þeir íbúar sem rætt var við nefndu að skipulögð dagleg afþreying mætti vera meiri. Prestur kemur reglulega og er mikil ánægja með heimsóknir hans að sögn íbúa. Hvorki íbúar né starfsfólk könnuðust við að haldnir væru formlegir fjölskyldufundir

Mannauðsmál og starfsumhverfi

Á Hjallatúni starfar hjúkrunarforstjóri, sem sinnir bæði stjórnun og umönnun íbúa ásamt því að taka bakvaktir, auk þess sem tveir aðrir hjúkrunarfræðingar starfa á heimilinu sem sinna líka bakvöktum. Á flestum morgunvöktum eru tveir hjúkrunarfræðingar og eins eru sumar kvöldvaktir mannaðar með hjúkrunarfræðingum. Einn sjúkraliði var í 40% stöðu á heimilinu þegar úttektin var gerð. Ekki er fleira starfsfólk með menntun í heilbrigðisfræðum. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum eru tæplega 60% starfsfólks af erlendum uppruna sem talar misgóða íslensku en flestir tala ensku. Hjúkrunarforstjóri hefur útbúið möppu með almennu fræðsluefni til að efla þekkingu starfsmanna. Það efni er að mestu á íslensku en búið er að þýða lítinn hluta á ensku t.d. verklýsingar. Á morgunvakt eru auk hjúkrunarfræðings tveir starfsmenn, tveir á kvöldvakt og einn á næturvakt. Ef hjúkrunarþyngd er mikil er starfsfólki á næturvakt fjölgað.

Að mati stjórnenda er mönnun viðkvæm og lítið má út af bera t.d. ef báðir starfsmenn á vakt eru uppteknir við að sinna sama íbúanum. Í viðtölum við starfsmenn kom fram að tíð mannaskipti og álag við umönnun hefur haft neikvæð áhrif á starfsandann. Samhliða stöðugu álagi er ákveðin óánægja hjá starfsfólki með faglega stjórnun og vinnuaðstöðu sem starfsfólkið telur nauðsynlegt að bæta. Hafin var vinna við úrbætur vegna mannaúsmála meðal annars með því að fá utanaðkomandi ráðgjöf frá mannaúsfyrirtæki, en lítið var um breytingar í kjölfarið að sögn starfsmanna. Á Hjallatúni er starfsmannastefna í gildi. Fram kom í samtölum við starfsfólk að lítil símenntun hafi átt sér stað undanfarin ár. Starfsmannaviðtöl eru árlega en ekki hafa verið gerðar starfsumhverfiskannanir. Stjórnendur voru meðvitaðir um samstarfsvanda og rekja það m.a. til fjölþjóðlegs umhverfis.

Gæði og öryggi

Gæða- og öryggismenning felur í sér sameiginleg gildi og viðhorf, sem ásamt skipulagi og stjórnun leiða til ákveðins vinnulags og hegðunarmynsturs varðandi öryggismál. Meginþættir hennar eru: þekking á gæða- og öryggismálum, skuldbinding og forysta við að tryggja öryggi notenda, samskipti, samstarf sem og skráning og úrvinnsla atvika.

Þróuð gæða- og öryggismenning er fyrir hendi þegar gæði þjónustu og öryggi notenda heilbrigðisþjónustu er sett í öndvegi og áhættustjórnun er samofin þjónustunni. Slíkt felur m.a. í sér að sífellt er unnið kerfisbundið að umbótum, hugað er að öryggi kerfislægra og mannlegra þátta og atvik eru nýtt sem námstækifæri. Enn fremur einkennist hún af opnum samskiptum og gagnkvæmu trausti milli starfsmanna og notenda.

Landlæknir hefur lagt fram *Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019 – 2030*, staðfesta af heilbrigðisráðherra sem gefur henni vægi á við reglugerð. Áætluninni er ætlað að vera leiðsögn til þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu um hvaða kröfur eru gerðar til þeirra og hvernig þau geta uppfyllt þær kröfur. Þar kemur fram hvernig heilbrigðisstofnanir geta stöðugt fylgst með gæðum og öryggi þjónustunnar og brugðist við með umbótastarfi þegar þess gerist þörf. Í áætluninni eru fjórar megin stoðir: umbótaferli og stjórnskipulag, gæðavísar, skráning og úrvinnsla atvika og loks þjónustukannanir. Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 skulu heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsmenn taka mið af staðfestri áætlun landlæknis um gæðapróun við gerð gæðaáætlana.

Hjúkrunarforstjóri Hjallatúns mat gæða- og umbótastarf ásættanlegt í gæðauppgjöri og gaf því einkunnina 7 á kvarðanum 1 til 10. Hjúkrunarforstjóri telur að heimilið sé of lítið til að vera með marga formlega umbótahópa. Einn umbótahópur er starfandi og vinnur að umbótum í öryggismálum og brunavörnum, nýlega hafa

leiðbeiningar um brunavarnir verið þýddar á ensku og kynntar öllu starfsfólki. Hjúkrunarfræðingar sinna öðrum umbótum, eins og að gera mat eftir fall/byltu og að skerpa á sýkingarvörnum svo einhver dæmi séu nefnd. Ekki er til rafræn gæðahandbók en til er útprentuð handbók sem var unnin árið 2014 og inniheldur m.a. upplýsingar um sýkingarvarnir, byltuvarnir, fjötra og leiðbeiningar varðandi flutning íbúa á sjúkrahús. Auk þessa eru verklagsreglur og vinnulýsingar á pappír í möppum í vinnuherbergi starfsfólks. Að hluta til er stuðst við gæðaskjöl frá Landspítala t.d. varðandi uppsetningu æða- og þvagleggja. Starfsfólk hefur greiðan aðgang að þessum möppum á öllum vöktum og getur alltaf flett upp í þeim séu einhver vafamál á vinnulýsingu eða verklýsingu. Vaktstjórar eru með aðgang að möppu sem í eru allar helstu upplýsingar, eins og hvernig á að mæla blóðþrýsting, um sýkingarvarnir og svo framvegis.

Skráning í sjúkraskrá og upplýsingagiöf

Hjúkrunarforstjóri og hjúkrunarfræðingar skrá hjúkrunarmeðferð og framvindu í sjúkraskrákerfið Sögu en aðrir heilbrigðisstarfsmenn við umönnun hafa ekki aðgang að kerfinu. Læknir skráir nótur í Sögu. Starfsfólk skráir framvindu hjúkrunar í Wordskjál merkt hverjum og einum íbúa sem er svo prentað út og sett inn í sjúkraskrá íbúa. Wordskjölin eru geymd í tölvu á vaktherbergi sem er ekki læst með lykilorði en vaktherbergið er læst. Rafræna hugbúnaðarkerfið eMed er notað fyrir lyfjapantanir en kvittað er fyrir lyfjagjafir á pappír. Í athugun er að nýta fleiri möguleika innan eMed kerfisins t.d. fyrir lyfjafyrmæli sem við úttekt voru á pappír.

Gæðavísar

Eftir hvert RAI mat er farið yfir niðurstöður gæðavísa og ráðist í umbætur ef þarf, t.d. farið yfir byltuvarnir í tengslum við byltur. Haldinn er fundur með öllum hjúkrunarfræðingum til að fara yfir niðurstöður gæðavísa. Stjórnendur Hjallatúns hafa valið sér tvo gæðavísa til að fylgjast með, þ.e. notkun svefnlyfja og fjötra.

Niðurstöður InterRAI gæðavísa síðustu þriggja tímabila eru allir nema fjórir innan viðmiðunarmarka. Þess ber að geta að á litlum heimilum má lítið út af bregða til að gæðavísar fari yfir viðmið.

Skráning og úrvinnsla atvika

Í lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007 segir í 9. gr.: „Heilbrigðisstofnanir ... skulu halda skrá um óvænt atvik í þeim tilgangi að finna skýringar á þeim og leita leiða til að tryggja að þau endurtaki sig ekki.“ Í 10. gr. laganna segir: „Heilbrigðisstofnunum, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum sem veita heilbrigðisþjónustu ber að tilkynna landlækni án tafar um óvænt atvik sem valdið hefur eða hefði getað valdið sjúklingi alvarlegu tjóni, svo sem dauða eða varanlegum örkuðum. Jafnframt skal upplýsa sjúkling um hið óvænta atvik án ástæðulausra tafa og nánustu aðstandendur hans þegar það á við.“

Hjúkrunarfræðingar skrá atvik á sérstök atvikaskráningarblöð. Hjúkrunarforstjóri vinnur kerfisbundið úr atvikum. Unnið hefur verið úr öllum atvikum sem hafa verið skráð á Hjallatúni og lögð áhersla á að þau leiði til umbóta. Má þar nefna að í kjölfar byltna var áhersla á byltuvarnir með aukinni notkun rápmotta og byltuvarnarsokka. Samkvæmt upplýsingum úr rafrænum kerfum embættis landlæknis hefur ein kvörtun borist embættinu en engin alvarleg atvik hafa verið tilkynnt embættinu er varða þjónustu á Hjallatún.

Þjónustukannanir

Ekki hafa verið gerðar þjónustukannanir á Hjallatúni.

Mat embættis landlæknis

Það er mat embættis landlæknis að bæta þurfi mönnun til að auka frekar öryggi íbúa. Núverandi mönnun á næturvöktum felur í sér hættu á ófullnægjandi þjónustu við íbúa og lítið má út af bregða til þannig að ekki sé hægt að tryggja öryggi íbúa eftir bestu getu.

Áhyggjuefni er hve stór hluti starfsfólks er ekki með heilbrigðismentun og hve þekking starfsfólks á gæða- og öryggismenningu er lítil. Það er því mikilvægt að fagaðilar leggi áherslu á að kynna vel gæðaskjöl, verk-

lýsingar og leiðbeiningar og að þessi skjöl séu á fleiri tungumálum en íslensku. Vegna þess að íbúar eru viðkvæmur hópur með flóknar þjónustubarfir er nauðsynlegt að heimilið leiti leiða til að efla íslenskukunnáttu starfsmanna. Embætti landlæknis leggur áherslu á að á Hjallatúni verði nýtt þau umbótataækifæri sem eru til staðar til að efla gæði enn frekar. Vissulega getur verið krefjandi fyrir lítil heimili að sinna slíku en þá mætti hugsa sér að sambærileg heimili efndu til samstarfs sín á milli.

Framvindunótur umönnunar eru skráðar í opið Wordskjal í opinni tölvu í læstu vaktherbergi starfsmanna og er það mat embættisins að tryggja þurfi öryggi gagna með því að læsa skjali líkt og um sjúkraskrá væri að ræða þar til nægileg fagmönnum næst og hægt er að skrá beint í rafræna sjúkraskrá. Brýn nauðsyn er á að efla skráningu í sjúkraskrárkerfið Sögu og að stjórnendur endurskoði alla skráningu er varðar þjónustu við íbúa og gæða- og öryggismál. Auk þess hvetur embætti landlæknis stjórnendur Hjallatúns til að nýta þær lyfjalausnir sem eMEd hefur upp á að bjóða.

Niðurstöður gæðavísa Hjallatúns eru almennt góðar nema í fjórum tilvikum og eru þar tækifæri til umbóta. Embættið hvetur stjórnendur til að vinna markvisst með gæðavísa og nýta niðurstöður til umbóta líkt og fram kemur í *Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019 - 2030*. Embætti landlæknis bendir enn fremur á að mikilvægt er að stjórnendur stuðli að og minni reglulega á atvikaskráningu sem er mikilvægur þáttur í öryggismenningu. Jafnframt er mikilvægt að rýni stjórnenda á orsakir og afleiðingar atvika sé sýnileg fyrir starfsmenn.

Embættið leggur áherslu á að unnið verði áfram að því að bæta samskipti starfsfólks, en opin og góð samskipti milli starfsfólks eru lykilþættir í gæða og öryggismenningu. Jákvætt er að utanaðkomandi sérfræðingur var kallaður til aðstoðar og nauðsynlegt að vinna áfram með niðurstöður sem kom úr þeirri vinnu til að efla traust og hvetja allt starfsfólk til þátttöku í umbóta- og gæðastarfi.

Húsnæði Hjallatúns er komið til ára sinna og þarfnast endurbóta vegna þarfa íbúa t.d. salernisaðstöðu á herbergjum og baðherbergi. Erfitt er að hafa yfirsýn yfir alla íbúa þar sem húsnæðið er á tveimur hæðum auk þess sem gangar eru sitt hvoru megin við vaktherbergi. Vinnuaðstaða starfsfólks er ekki nægilega góð, sem líklegt má telja að hafi neikvæð áhrif á starfsánægju. Engin sér aðstaða er fyrir starfsfólk m.a. til að matast og aðstaða til fataskipta sem er annars vegar í starfsmannainngangi fyrir konur og í þvottahúsinu fyrir karla.

Tilmæli og ábendingar embættis landlæknis

Ljóst er að sum atriði í mati embættis landlæknis, sem t.d. lúta að heildarskipulagi þjónustu við íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hjallatúni eru víðtækari en svo að hægt sé að beina þeim eingöngu til faglegs stjórnanda heimilisins heldur þarf stjórn heimilisins að koma þar að. Mörg umbótataækifæri snúa að öllum stjórnendum Hjallatúns.

Í fyrstu málsgrein 7. gr. laga um landlækni og lýðheilsu segir m.a. að „Landlæknir skal hafa reglubundið eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta sem veitt er hér á landi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma“ og í 2. mgr. segir: „Telji landlæknir að heilbrigðisþjónusta uppfylli ekki faglegar kröfur skv. 6. gr. eða önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf skal hann beina tilmælum um úrbætur til rekstraraðila.“

1. Tryggja þarf betri mönnun bæði faglærðra og annarra starfsmanna.
 - a. Fjölga þarf starfsmönnum á næturvakt til að auka öryggi íbúa og starfsmanna.
 - b. Tryggja þarf mönnun á dagvöktum til að sinna iðju, hreyfingu og fleiru er varðar virkni íbúa.
 - c. Efla þarf starfsánægju starfsfólks m.a. með því að vinna úr og fylgja eftir niðurstöðum frá mannauðsfyrirtæki sem fengið var til að vinna með starfsanda.
2. Tryggja þarf að sjúkraskrá sé færð samkvæmt lögum um sjúkraskrár:
 - a. Skráning starfsfólks; á meðan ekki er hægt að manna með faglærðu starfsfólki sem getur skráð beint í rafræna sjúkraskrá, þarf að tryggja að skráning sé framkvæmd á öruggan hátt í læstu skjali og að pappírssjúkraskrár séu geymdar í læstum skáp.

3. Gera þarf áætlun varðandi nauðsynlegar breytingar á húsnæði m.a. á sameiginlegu baðherbergi og baðherberjum í sérrými íbúa.

Í 11. gr. laga um landlækni og lýðheilsu segir m.a.:

Landlæknir gerir áætlun um gæðapróun innan heilbrigðisþjónustunnar og skal hún lögð fyrir ráðherra til staðfestingar. Áætlun um gæðapróun skal miða að því að efla gæði og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að framþróun hennar.

Enn fremur að:

Heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsmenn skulu við gerð gæðaáætlana taka mið af staðfestri áætlun landlæknis um gæðapróun.

Embætti landlæknis beinir eftirfarandi tilmælum til stjórnenda Hjallatúns sem og að unnið verði markvisst samkvæmt *Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019 – 2030* og setur fram eftirfarandi ábendingar:

1. Styðja þarf markvisst við stjórnendur og starfsfólk varðandi umbótavinnu:
 - a. Tryggja þarf aðgengi að gæðahandbók og verklagsreglum, fjölga þarf skráðum verklagsreglum og vinnulýsingum og uppfæra reglulega.
 - b. Kynna þarf og innleiða gæðahandbók og verklagsreglur fyrir starfsfólki og ítreka mikilvægi þess að nýta í starfi.
 - c. Skilgreina þarf hvaða verklagsreglum allir þurfa að standa skil á og fylgja eftir að starfsfólk tileinki sér þær.
 - d. Tryggja þarf markvissa fræðslu til starfsfólks og auka tækifæri til símenntunnar.
2. Fara þarf skipulega yfir gæðavísa, kynna niðurstöður þeirra fyrir starfsfólki og nýta þær til umbóta.
4. Gera þarf þjónustukannanir, þ.e. kannanir meðal sjúklinga og aðstandenda og nýta niðurstöður þeirra til umbóta.
5. Tryggja þarf að atvik séu ávallt skráð og að úrvinnsla atvika sé markviss sem og eftirfylgni þannig að umbætur eigi sér stað.
6. Efla þarf samskipti við aðstandendur íbúa t.d. með því að bjóða reglulega upp á fjölskyldufundi fyrir íbúa og aðstandendur þeirra.

Embætti landlæknis mun fylgja framangreindum tilmælum eftir. Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hjallatúni mun senda embættinu tímasetta umbótaáætlun eigi síðar en 1. júní 2023. Þá skal senda embættinu framgangs-skýrslu 1. október 2023 og 1. janúar 2024.